

Greinin er framlag til rannsókna á alþjóðaöryggismálum. Dregin er upp mynd af alþjóðaöryggi (e. international security) í ljósi hugmynda um hlutverk ríkisins, mannlegt eðli, stríð og sögulegar minningar. Öryggisfræðum (e. international security studies) og tveimur kenningum alþjóðasamskipta, nýraunhyggju (e. neo-realism) og mótunarhyggju (e. constructivism) er beitt til þess að greina viðfangsefnið. Að auki er frjálslyndisstefna (e. liberalism) höfð til hliðsjónar og borin saman við raunhyggju. Því er haldið fram að nýraunhyggja og mótunarhyggja, öryggisfræði og sögulegar minningar lýsi best samskiptum ríkja, ákvörðunum einstaklinga, alþjóðakerfinu og alþjóðaöryggi.

Uppbygging, nýmæli og tilgáta

Greinin er uppbyggð á eftirfarandi hátt auk inngangs og lokaorða: Í fyrsta hluta er fjallað um fræðilega nálgun höfundar með áherslu á nýraunhyggju, mótunarhyggju og hvernig kenningarnar tengjast sögulegum minningum. Í öðrum hluta verksins er gerð grein fyrir raunhyggju, hugmyndum hennar um viðfangsefnið. Áherslan er fyrst og fremst á nýraunhyggju og sjónarmið alþjóðastjórn málafræðingsins Kenneths N. Waltz, áherslur kenningarinnar á öryggi ríkja, umfjöllun um stríð og orsakir þeirra. Þá er mótunarhyggja borin saman við nýraunhyggju með áherslu á hugmyndir alþjóðastjórn málafræðingsins Alexanders Wendts og gagnrýni hans á nýraunhyggju og valdajafnvægi (e. balance of power). Lögð er áhersla á hvernig nota má nýraunhyggju og mótunarhyggju til þess að átta sig á orsökum stríðsátaka, fyrst og fremst stríðsins í Úkraínu frá 2022. Í síðasta hluta verksins er fjallað um alþjóðaöryggi, öryggisvæðingu (e. securitization) og þróun öryggisfræða á 20. og 21. öld. Sýnt er fram á hvernig orðræða um öryggi tengist kenningunum og mótar hugmyndir okkar um átök og alþjóðaöryggi.

Hér eru söguleg minning, mótunarhyggja og nýraunhyggja notaðar samhliða til rannsókna á alþjóðaöryggismálum. Er það nýmæli og hefur ekki verið gert með þessum hætti áður. Að auki hefur grein á íslensku um efnið ótvírætt gildi enda lítið um fræðirit eða greinar um viðfangsefnið á tungumálinu. Tilgáta þessa verks er að mikilvægasta viðfangsefni alþjóðasamskipta sé öryggi. Svo hafi verið í margar aldir og hernaðaröryggi hefur leikið stærsta hlutverkið. En jafnvel þótt ríki reyni að tryggja hagsmuni sína og stríð séu líkleg vegna hagsmuna ríkja og uppbyggingar alþjóðakerfisins þá skipta einstaklingar, sjálfsmynd,

gildi og hugmyndir þeirra um öryggi ekki síður máli. Því er samspil á milli öryggisfræða, nýraunhyggju, mótunarhyggju og sögulegra minninga sem útskýrir alþjóðakerfið eins og það hefur verið og við þekkjum í dag.

Fræðileg nálgun

Alþjóðastjórn málafræðingar halda því gjarnan fram að þjóðríki (e. nation state) séu helsti gerandinn (e. actor) í alþjóðakerfinu. Það sé uppbyggt með hagsmuni ríkja í huga og þar leiki leiðtogar þeirra stórt hlutverk. Þetta sjónarhorn má að minnsta kosti lesa í klassískum kenningum alþjóðasamskipta eins og raunhyggju. Nýraunhyggja (e. neo-realism eða structural realism; formgerðarraunhyggja, hér eftir nýraunhyggja) leggur ekki síður áherslu á hlutverk ríkisins og að orsakir stríðsátaka megi finna í manngerð og metnaði leiðtoga ríkja. Hins vegar skiptir formgerð ríkja líka máli þegar lagt er af stað í stríð. Þá bendir mótunarhyggja (e. constructivism) á að félagslegur veruleiki; menning, hefðir og gildi móti alþjóðakerfið og hagsmunamat ríkja. Hlutverk einstaklinga er mikilvægt þar sem þekking þeirra grundvallast á því sem þeir læra. Aðrar kenningar alþjóðasamskipta, t.d. hinn klassíski skóli frjálslyndisstefnunnar (e. liberalism), leggja fremur áherslu á frelsi einstaklingsins og takmörkuð afskipti ríkisvalds. Þá skrifa höfundar nýfrjálslyndisstefnunnar (e. neo-liberalism) um mikilvægi alþjóðastofnana sem leið ríkja að friði, hagsæld og samvinnu. Hér er fjallað um frjálslyndisstefnu út frá alþjóðasamskiptum, ekki viðskiptum þar sem hugtakið hefur aðra merkingu.

Eins og fyrr segir byggir höfundur fræðilega nálgun sína á hugmyndum nýraunhyggju og mótunarhyggju en skilgreinir sig fyrst og fremst sem sérfræðing í alþjóðaöryggismálum (e. international security). Ástæðan er í megindráttum eftirfarandi: Ríki reyna ávallt að hámarka öryggi sitt. Hins vegar er höfundur jafn sannfærður um að skilja megi alþjóðasamskipti og -öryggi og ófrið út frá ólíkum viðmiðum ríkja og þjóða, hefðum þeirra, orðræðu, mýtum, formgerð ríkja, manngerð stjórnmalaleiðtoga, hagsmunum ríkja, skipulagi alþjóðakerfisins, mannlegu eðli, hernaðaröryggi, öryggisvæðingu, reynslu einstaklinga, metnaði þeirra og síðast en ekki síst sögulegri minningu. Á þetta bendir Jens Bartelson í bók sinni, *War in International Thought*, þegar hann leggur áherslu á sögu hugmyndarinnar um sögulega merkingu stríðs frá sautjándu öld til dagsins í dag – það er að segja hugmyndin um

að stríð geti verið afl sem skapar reglu og öryggi. Bartelson endurskoðar fræga en umdeilda orðræðu stjórn mála- og félagsfræðingsins Charles Tilly um að „stríð búi til ríkið og ríkið skapi stríð“, með þeim rökum að þessi fullyrðing sé ekki endilega sögulega rétt heldur útbreidd skoðun, jafnvel mantra um gildi stríðs.^[1]

Söguleg minning er mikilvæg í þessu ljósi vegna þess að meðal einstaklinga og þjóða má finna sameiginlegar sögulegar minningar. Í þeim felst bæði sama upplifun og samkennd þar sem sameinast er um túlkun minninga. Oft er tilgangurinn að búa til sameiginlega sögu og minningu, setja atburði í þýðingarmikið ljós eða gefa þeim ákveðin einkenni og tilgang. Kenningar alþjóðasamskipta og alþjóðaöryggismála gera einmitt þetta, þ.e. draga fram einkenni og tilgang alþjóðakerfisins, samskipti, deilur og átök ríkja. Alþjóðakerfið er því byggt upp á ákveðinn hátt og einkennist af hugmyndum einstaklinga um öryggi, sjálfsmynd ríkja og einstaklinga, samkeppni ríkja, stríð, frið, átök eða samvinnu ríkja.

Alþjóðasamskipti, öryggi og stríð

Allt frá Vestfalíusamningnum 1648 hefur mikilvægasta umfjöllunarefni alþjóðasamskipta og öryggisfræða verið hvort og hvernig sé hægt að tryggja öryggi þjóðríkisins, enda hafa stjórn málaheimspekingar og kenningasmiðir alþjóðasamskipta lengi velt fyrir sér hvað öryggi sé og hvort hægt sé að réttlæta stríð, hverjar séu orsakir þeirra og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Til dæmis hvort réttlætingin eða orsakirnar liggja í mannlegu eðli (e. state of nature), í innra skipulagi ríkja, völdum, í alþjóðlegu stjórnleysi (e. anarchy), öryggi ríkja eða einstaklinga, alþjóðasamstarfi eða í gildum, hefðum og menningu ríkja.

Rekja má orðræðu alþjóðasamskipta, öryggisfræða og umfjöllunar um stríð, sérstaklega raunhyggju, til enska stjórn málaheimspekingsins Thomasar Hobbes. Einkum þegar rannsaka á hvort samband sé á milli mannlegs eðlis og stríðs. En Hobbes lagði, í verki sínu *Leviathan* (1651), áherslu á mannlegt eðli, náttúrulegt ástand mannsins (e. state of nature), og að „óbeisluð náttúruöfl mannsins“ leiði til ævarandi „stríðs allra gegn öllum“^[2]. Mikilvægast er því öryggi ríkisins. Hobbes lagði því áherslu á vald og mikilvægi valdhafa. Samkvæmt kenningu Hobbes eru menn frjálsir í náttúrulegu ástandi mannsins en þeir eru líka í stöðugri hættu ef engin lög eða miðlægt vald hefur áhrif á hegðun þeirra vegna þess að þeir (menn)

hafa eigin hagsmuni að leiðarljósi. Algjöru frelsi fylgir því stöðug samkeppni um auðlindir og öryggi. Það skapi óstöðugar aðstæður þar sem hætta og átök eru allsráðandi – ástand sem Hobbes lýsir sem „stríði allra gegn öllum“. Til að forðast þennan glundroða undirstrikar Hobbes hugmyndina um þjóðfélagssáttmála (eða samfélagssáttmála) þar sem menn afsala sjálfviljugir hluta af frelsi sínu til valdhafa. Í staðinn tryggir hann þeim öryggi og reglu, sem er æskilegra en óvissa og ofbeldi. Er það eina leiðin til að tryggja frið að mati Hobbes, til þess að koma í veg fyrir afturhvarf til „náttúru ástandsins“ (e. state of nature) og viðvarandi átaka.^[3]

Hafa verður í huga að sögulega er Hobbes kennismiður um konunglegt einveldi. En jafnvel þótt hugmyndir Hobbes um samfélagssáttmála eigi ekki við í dag sækir raunhyggja m.a. hugmyndir sínar til hans þar sem Hobbes var upptekinn af spurningunni um hvernig ætti að tryggja frið og hvernig hægt væri að gæta jafnvægis milli öryggis og frelsis og hvert hlutverk og vald ríkisins væri. Í því felst í fyrsta lagi að samfélög hafi reglur, búi við öryggi og að traust ríki milli manna. Í öðru lagi að borgaraleg réttindi séu forsenda góðra stjórn mála. Í þriðja lagi mikilvægi ríkisins í alþjóðasamskiptum og að heimspólitík sé viðvarandi samkeppni milli ríkja. Kerfið sé uppbyggt af ríkjum sem eru skynsamir gerendur (e. rational actors) í stjórnlausu (e. anarchy) alþjóðlegu kerfi. Og þar sem engin alheimsstjórn er til reyna ríki að finna sér stöðu í kerfi sem er mótað af valdapólitík, þjóðarhagsmunum, sjálfsbjargarviðleitni og leit að öryggi.^[4]

Þessi áhersla skilgreinir ríkið sem aðalgeranda alþjóðasamfélagsins og hafði mikil áhrif á raunhyggju. Til dæmis rannsakar helsti hugmyndasmiður nýraunhyggjunnar, Kenneth Waltz, alþjóðakerfið út frá mannlegu eðli, viðurkenningu, eiginhagsmunum, stjórnleysi og öryggi. Hins vegar eru áherslur Waltz um alþjóðakerfið og stjórnleysi þess frekar í anda Jean-Jacques Rousseau, að átök séu afleiðing alþjóðakerfisins en ekki bara vegna mannlegs eðlis eins og Hobbes lagði áherslu á. Waltz tekur undir með forvera sínum Rousseau sem hélt því fram að innan ríkja verði til „almannavilji“, að einstaklingar geri samfélagssáttmála og afhendi einstaklingsréttindi sín til samfélagsins sem tryggir sameiginlega umgjörð stjórn mála og laga, þar sem einstaklingar eru frjálsir en skortir öryggi. Rök Waltz eru að án alheimsstjórnar (sem er ekki möguleg vegna samkeppni ríkja) ríki stjórnleysi, því er öryggi forgangsatriði ríkja. Innan öryggisfræða og nýraunhyggju er þessi áhersla gjarnan skilgreind sem öryggisvandi (e. security dilemma) og lýsir ástandi þar sem ríki treysta ekki ásetningi annarra ríkja og reyna þar af leiðandi alltaf að hámarka eigið öryggi, sem

hugsanlega getur leitt til vopnakaðphlaups og átaka við önnur ríki.^[5]

Sé litið til frjálslyndisstefnunnar segir kenningin að átök eigi sér djúpar rætur í fari mannsins, jafnvel sé litið á stríð sem eitthvað göfugt, samofið mannlegu eðli, innblásið af heiðri hans og þarfnist ekki sérstakra innri hvata. Þessa skoðun má rekja til Immanuels Kants, en hann trúði hins vegar að átök milli ríkja fengju mannkynið til að leita friðar og samvinnu. Maðurinn væri skynsamur og áttaði sig á að ríki verða að vinna saman.^[6]

Skrif Kants höfðu mikil áhrif á alþjóðasamskipti, stjórn málaheimspeki og alþjóðaöryggi. Einna merkust er hugmynd hans um stjórnarskrá, stjórnarskrá lýðveldis (e. republican constitution). Hún veiti fólki vald til að ákveða hvort það eigi að fara í stríð eða ekki, og þar sem fólk þarf að lifa með afleiðingum átaka er ólíklegt að það velji stríð. Þá felur hugmynd Kants í sér einhverskonar samband frjálsra þjóða eða bandalag þjóða, þar sem fullvalda ríki byggja samvinnu sína á skynsemi og eru sammála um að fylgja alþjóðalögum svo koma megi í veg fyrir átök.^[7]

Með skrifum sínum lagði Kant sitt af mörkum til gagnrýnninnar á raunhyggju og til frjálslyndisstefnunnar, en kenningin leggur áherslu á að manneskjan sé í eðli sínu góð og trúir því að friður milli þjóða sé ekki aðeins möguleiki heldur æskilegur. Að lýðræðisríki sem hafa sameiginleg frjálslynd gildi (e. democratic peace theory) ættu ekki að hafa neina ástæðu til að fara í stríð hvert gegn öðru. Kant var þeirrar skoðunar að því frjálslyndari sem ríki væru, því friðsamlegri væri heimurinn, þar sem frjálslyndum ríkjum er stjórnað af þjóðinni, einstaklingum sem sjaldan vilja stríð. Þessi áhersla hafði mikil áhrif á uppbyggingu alþjóðastofnana, svo sem Þjóðabandalagsins og Sameinuðu þjóðanna eftir fyrri og seinni heimsstyrjöld. Og einnig á hugmyndir um sameiginlegt öryggi (e. collective security), þ.e. sameiginlega ábyrgð ríkja í alþjóðakerfinu. Hugmynd sem varð enn vinsælli eftir kalda stríðið þegar lögð var áhersla á sameiginlega ábyrgð í alþjóðasamskiptum, á öryggi ríkja, útvíkkun öryggishugtaksins, öryggi einstaklinga og að gera ætti alþjóðastofnanir eins og SP enn mikilvægari.^[8]

Frjálslyndisstefnan er svar við raunhyggju um að manneskjan sé skynsöm en í grundvallaratriðum sjálfselsk. Að hún búi við jöfn tækifæri í samfélögum sem uppbyggð eru með eiginhagsmunum manneskjunnar að leiðarljósi. Hugmyndinni er gjarnan hafnað félagsfræðilega (og af frjálslyndisstefnu) á þeim forsendum að enginn sé eyland heldur hluti

af sameiginlegu samfélagi. Manneskjan hafi bæði hæfni og vilja til að semja frið jafnvel þótt stríð sé innbyggt í samfélagsgerðina. Hér er lögð áhersla á félagsleg tengsl og samskipti manna, og þar af leiðandi hvers kyns fræðilega nálgun á mannlegt eðli, þar með talið stríð, sem krefst rannsóknar á þeim samfélögum sem maðurinn lifir og hrærist í.

Ef svo er eru þeir þættir sem stjórna eðli mannsins (einstaklinga) tengdir umhverfi okkar, stað og stund, öryggi, eðli stríðs og siðferði þeirra. Sem vekur þá spurningu hvort formgerð „menningar“-samfélaga hafi lítið breyst í tímans rás. Til dæmis hvort stríð á tímum Hómers hafi verið samfélagslega frábrugðið stríði á sextándu og sautjándu öld. Hvort rannsóknir á Ilíonskviðu (750 f.Kr.) og Pelópsskagastríðinu (431 f.Kr. – 404 f.Kr.) höfðu áhrif á hvernig síðari kynslóðir skynja samtíma sinn og hugsa um hernað. Áttu átök Sturlungaaldar (1220-1262) eitthvað sameiginlegt með átökum í Evrópu á miðöldum? Á sama hátt má velta fyrir sér hvort söguleg minning heimsstyrjalda 20. aldar móti hugmyndir okkar um stríð og alþjóðaöryggi á 21. öld.

Við þessum spurningum er auðvitað ekkert eitt svar og vafalaust kann mörgum að finnast erfitt að samþykkja stríð sem hluta af mannlegu eðli. Sú skoðun er umdeild. Kenneth Waltz hélt því til dæmis fram að þótt mannlegt eðli gegni eflaust hlutverki í að koma á stríði geti það ekki út af fyrir sig útskýrt bæði stríð og frið, nema með þeirri einföldu staðreynd að stundum berst maðurinn og stundum ekki.^[9] Hér er tekið undir skoðun Waltz.

Raunhyggja

Hugmyndir raunhyggjunnar eins og við þekkjum þær í dag urðu fyrst verulega áberandi á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Kenningin var svar við hughyggju sem í víðum skilningi taldi að stjórnámálamenn og þeir sem tækju ákvarðanir ættu að forðast siðlausar eða ólöglegar aðgerðir í heimsmálum.

Raunhyggja eftirstríðsáranna sækir hugmyndir sínar til breska stjórnamálafræðingsins og sagnfræðingsins E.H. Carr. Hann gagnrýndi í bók sinni *The Twenty Years' Crisis, 1919-1939: An Introduction to the Study of International Relations* (1939) það sem hann taldi hættulega og blekkjandi „hugsjónahyggju“ frjálslyndra alþjóðasinna og einkum trú

þeirra á framfarir með uppbyggingu alþjóðastofnana eins og Þjóðabandalagsins. Hann einbeitti sér þess í stað að hlutverki valds og hagsmunagæslu við að ákvarða hegðun ríkja. Eftir heimsstyrjöldina 1939-1945 fylgdu Hans Morgenthau og Kenneth N. Waltz fordæmi Carr með skrifum sínum um raunhyggju. Í þessum hluta er sjónum beint fyrst og fremst að nýraunhyggju Waltz.

Waltz er þekktur fyrir klassískar bækur sínar, fyrst *Man, the State, and War: A Theoretical Analysis* (1959), eitt áhrifamesta kenningaverk alþjóðasamskipta og stjórnmálafræðinnar (e. political theory; political philosophy). Í bókinni rannsakar Waltz verk helstu hugsuða vestrænnar stjórnmálafræði og skoðanir þeirra á orsökum stríðs. Hann er ekki síður þekktur fyrir verk sitt *Theory of International Politics* (1979). Verk sem haldið hefur vægi sínu en er vissulega umdeilt. Í bókinni gerir Waltz á kerfisbundinn hátt grein fyrir valdajafnvægi (e. balance of power) alþjóðasamskipta.^[10]

Waltz skrifar að alþjóðastjórnmál verði best skilin með því að rannsaka uppbyggingu alþjóðakerfisins eins og það endurspeglast í bandalögum og annars konar samstarfi ríkja. Að mati Waltz eru alþjóðastjórnmál/alþjóðasamskipti samkeppni og samspil gerenda (ríkja eða einstaklinga) sem hafa eiginhagsmuni að leiðarljósi. Nýraunhyggja Waltz víkur frá hefðbundinni raunhyggju (e. classical realism) með því að gera vísindalega og skipulega (e. structural) grein fyrir valdatengdum samskiptum ríkja. Klassísk raunhyggja (t.d. Hans Morgenthau) telur að ríki séu aðalgerandi alþjóðasamskipta og að stríð og samkeppni í alþjóðasamskiptum verði vegna þess að menn vilja völd.^[11]

Í bók sinni *Politics Among Nations* (1948) lagði Hans Morgenthau áherslu á mannlegt eðli eins og Thomas Hobbes gerði. Að auki hélt Morgenthau því fram að alþjóðastjórnmálum væri stjórnað af óbreytanlegum náttúrulegum málum. Ef ríki starfi á hlutlægan hátt eftir þessum lögmálum geti þau tekið skynsamlegar og réttar ákvarðanir. Miðpunktur kenningar Morgenthau er hugtakið vald í alþjóðasamskiptum og skilgreining þjóðarhagsmuna með tilliti til valds. Ríkið er aðalgerandinn á alþjóðasviðinu. Þar sem allar aðgerðir ríkja miðast við að halda völdum, sýna eða auka völd sín. Því eru hernaðarvald og -geta mikilvægust. Hér skiptir hins vegar máli að saga ríkja er ekki sú sama, þau hafa ólíka sjálfsmynd, mismunandi hagsmuni og eru ekki sammála um hvernig eigi að leysa vandamál alþjóðasamfélagsins.^[12]

Morgenthau lagði því áherslu á að ríki fórnir ekki frelsi sínu, öryggi eða öðrum

grundvallarhagsmunum þjóðarinnar fyrir siðferðisreglur alþjóðasamfélagsins. Friðsamleg lausn deilumála getur aðeins orðið ef fullvalda ríki eru reiðubúin að leggja deilumál sín fyrir alþjóðlegan dómstól. Sama gildir um samstarf þjóða og einstaklinga til þess að alþjóðaöryggi verði að veruleika.^[13] Vandamálið er hins vegar stjórnleysi alþjóðakerfisins og að ríki samþykkja ekki yfirþjóðlegt vald. Þess vegna hvatti Morgenthau til rannsókna og viðurkenningar á eðli og takmörkun valds og að beitt væri hefðbundnum aðferðum erindrekturs, þar á meðal málamiðlun til þess að leysa alþjóðadeilur.^[14]

Í dag eru kenningar Morgenthau helst gagnrýndar fyrir að þær leggi of mikla áherslu á mikilvægi ríkisins, hagsmunagæslu, mannlegt eðli og vald. Að þjóðir og menn sækist alltaf eftir völdum og yfirráðum yfir öðrum lýsi ekki alþjóðasamskiptum á sannfærandi hátt. Raunhyggja Morgenthau hefur lítið fram að færa þegar kemur að samskiptum þjóða öðrum en á hernaðarsviðinu. Til dæmis þegar alþjóðasamskipti eru rannsökuð út frá samvinnu ríkja í efnahagsmálum, menningarmálum og sameiginlegum pólitískum hagsmunum, t.d. Evrópusamvinna.

Þrjár myndir nýraunhyggjunnar

Bók Waltz, *Man, the State, and War*, er á margan hátt endurgerð á hefðbundinni raunhyggju og sjónarhorn hennar á alþjóðasamskipti, öryggi og stríð. Samantekið fjallar Waltz um flókið samband mannlegs eðlis, uppbyggingu ríkja og gangverk alþjóðastjórn mála þar sem hann útskýrir alþjóðaöryggi og orsakir stríðs. Waltz heldur því fram að eðli manna, þ.e. löngun þeirra í vald og eðlislæg árásarhneigð, hafi djúpstæð áhrif á hegðun ríkja á alþjóðavettvangi. Hægt sé að skilja þessa hegðun með kerfisbundinni greiningu á þremur meginatriðum, þ.e. myndum (e. images): manninum, ríkinu og alþjóðakerfinu.^[15] Waltz bendir á að öll þrjú atriðin, „myndirnar þrjár“, verði að nota í fræðilegri greiningu á bæði orsökum stríðs og hvernig megi koma í veg fyrir stríðsátök. Hann vitnar í stjórn málaheimspekinga sögunnar til þess að útskýra kenningu sína. Þar er Jean-Jacques Rousseau í uppáhaldi, sérstaklega tilgáta hans að „stríð eigi sér stað vegna þess að ekkert kemur í veg fyrir þau“.^[16]

Waltz bendir á í „fyrstu mynd“ sinni hvernig einstakar ákvarðanir, hegðun og athafnir einstaklinga geta haft víðtækar afleiðingar og kemst að þeirri niðurstöðu að ef „illska

manna, eða óviðeigandi hegðun þeirra, leiðir til stríðs; [ætti] góðvild einstaklinga, ef hún væri algild, að tryggja frið“.[17] Sé heimssagan lesin má einmitt finna dæmi um óviðeigandi athafnir manna sem hafa haft áhrif á alþjóðakerfið. Til dæmis þegar Gavrilo Princip drap Franz Ferdinand, erkihertoga Austurrísk-ungverska keisaradæmisins, í Sarajveo sumarið 1914. Hryðjuverk sem leiddi til aukinnar spennu milli ríkja í Evrópu og að lokum til heimsstyrjaldar. Á sama hátt hafði Osama bin Laden og hryðjuverkaárás al-Kaída á Bandaríkin 11. september 2001 mikil áhrif á alþjóðakerfið og óstöðugleika þess.

Waltz viðurkennir að uppbygging og eðli ríkja gegni mikilvægu hlutverki í mótun alþjóðasamskipta. Í „annarri mynd“ sinni greinir hann á yfirgripsmikinn hátt mismunandi aðgerðir ríkja, allt frá miðstýrðum konungsveldum til lýðræðisríkja, og undirstrikar hvernig ólíkt skipulag ríkja getur leitt til átaka innan alþjóðakerfisins. Enn fremur bendir Waltz á efnahagslega hagsmuni ríkja, hugmyndafræðilegan ágreining og hernaðargetu ríkja og varpar ljósi á hver áhrif þessara þátta eru á að stríð hefjist.[18] Hér er átt við samkeppni á milli ríkja, stjórnleysi alþjóðakerfisins og leit ríkja að öryggi.

Þannig má skilja kenningu Waltz á eftirfarandi hátt: Þó að hugmyndir og manngerð Pútíns hafi vissulega skipt máli þegar Úkraínustríðið hófst 2022 er nauðsynlegt að greina efnahagsumhverfi og pólitíska stefnu Rússlands ásamt öðrum þáttum sem leiddu til þess að átök brutust út. Í fyrsta lagi má líta á árásargjarna útpenslustefnu Rússlands sem leið til þess að tryggja öryggi og völd í alþjóðakerfinu. Þessi stefna var (er) knúin áfram af þeirri niðurlægingu sem Rússland taldi sig verða fyrir eftir kalda stríðið. Rússland greip til vopna vegna þess að það óttaðist hvað Úkraína gæti gert í framtíðinni og vildi ráða yfir náttúruauðlindum á landsvæði Úkraínu. Rússland fór því í stríð vegna hagsmuna sinna, þeir voru meira virði en hættur stríðsátaka. Hér skiptir metnaður Pútíns og ótti pólitísku elítunnar í Rússlandi við NATÓ máli. Rússland vildi sýna að það væri stórveldi í sögulegum skilningi. Hersigur sem undirstrikaði þetta var (er) mikilvægur að mati elítunnar í Rússlandi. Söguleg minning um mikilvægi Rússlands lék því stórt hlutverk.

Á sama hátt má skilja viðbrögð NATÓ-ríkja með því að rannsaka öryggishagsmuni þeirra. Ríkin óttast metnað og hugmyndafræði Pútíns og Rússlands og reyna því að tryggja valdajafnvægi í Evrópu og eigið öryggi. Þannig má líta á pólitískar ákvarðanir NATÓ-ríkjanna sem svar við útpenslustefnu Rússlands frekar en að hugmyndir einstakra leiðtoga eða samfélagslegir þættir hefðu úrslitaáhrif á stefnu ríkjanna.

Þriðja „mynd“ greiningar Waltz rannsakar alþjóðakerfið í heild sinni. Með ítarlegri greiningu sinni á kenningum um valdajafnvægi og stjórnleysi sýnir Waltz hve flókin samskipti ríkja, bandalög og dreifing valds er í alþjóðakerfinu.^[19] Skýrasta dæmi þessa valdakerfis er kalda stríðið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Tímabil sem einkenndist af stórveldapólitík, mynstri óbeinna átaka, ógnarjafnvægi kjarnorkuvopna og samvinnu hernaðarbandalaga vegna skipulags kerfisins, þar sem stefnumótandi sjónarmið stórveldanna tveggja og bandalagsríkja voru nátengd valdakerfi tímabilsins.

Ef „þriðja mynd“ Waltz er sett í samhengi við deilur Rússlands og Úkraínu þá vildu Rússar sýna umheiminum, fyrst og fremst vestrænum ríkjum, að Úkraína væri sögulega á áhrifasvæði Rússlands. Rússar vildu láta reyna á kerfi alþjóðasamskipta, reyna á viðbrögð vestrænna ríkja og ögra alþjóðakerfinu. Sýna Bandaríkjunum að tillit þarf að taka til hagsmuna Rússlands og styrkja þannig stöðu landsins í alþjóðakerfinu. Afleiðingin er aukin spenna í samskiptum ríkjanna þar sem Pútín og fylgismenn hans skipa sér í lið með Kína og Íran og til verður nýtt skipulag alþjóðasamskipta þar sem einræðisríki og lýðræðisríki takast á.^[20] Valdakerfi sem minnir á tímabil kalda stríðsins.

Waltz viðurkennir hins vegar að rannsóknir á „myndunum þremur“, maðurinn, ríkið og alþjóðakerfið, leiði í ljós að þær séu „útópískar“ að því leyti að ein mynd mun alltaf vera ófullnægjandi til að útskýra flókin fyrirbæri eins og öryggi, hernað og orsakir stríðs. Rannsaka þurfi kerfisbundið alþjóðasamskipti, bakgrunn þeirra og hverjar eru undirliggjandi orsakir átaka eða hvað gerir þau möguleg.^[21] Því skiptir skipulag alþjóðakerfisins mestu máli.

Nýraunhyggja og skipulag alþjóðakerfisins

Í bók sinni *Theory of International Politics* leggur Waltz fyrst og fremst áherslu á hegðun ríkja og að hana ætti að rannsaka út frá skipulagi (kerfi) alþjóðasamfélagsins. Áherslan er á öryggi og að orsakir átaka sé að finna í kerfisbundnum þáttum alþjóðasamfélagsins frekar en í einkennum einstaklinga eða samfélaga. Þrjú meginþætti kenninga Waltz eru stjórnleysi alþjóðasamskipta, valdajafnvægi og dreifing valds á milli fullvalda ríkja. Í fyrsta lagi vísar stjórnleysið til þess að ekki sé æðra vald en ríki til að dæma í milliríkjadeilum. Sem

merkir einfaldlega, alþjóðastjórnsmál og -samskipti eru stjórnlaus vegna þess að það er engin alheimsstjórn (e. world government) til. Þess vegna verða ríki að tryggja öryggi sitt til þess að lifa af.[22]

Í öðru lagi einkennast samskipti ríkja af ójafnri dreifingu valds og af getu valdamestu ríkjanna til að koma á skipulagi sem samræmist hagsmunum þeirra. Til þess að átta sig á raunverulegri hegðun ríkja verður að vera ljóst hvort þau eru stórveldi eða meðalstór ríki [eða smáríki]. Að mati Waltz er lykilatriðið í alþjóðasamskiptum pólan alþjóðakerfisins – hvort því er stjórnað af einu, tveimur eða þremur eða fleiri stórveldum, þ.e. einpólakerfi, tvípólakerfi eða margpólakerfi (e. unipolarity (hegemony/oddaveldi), bipolarity, multipolarity).[23] Waltz taldi einpólakerfi vera óstöðugustu og hættulegustu uppsetninguna á kerfinu. Það væri ekki öruggt að leiðtogar einpólaríkis (oddaveldi) tækju skynsamlegar ákvarðanir, sýndu umburðarlyndi og beittu ekki óhóflegu hernaðarvaldi. Oddaveldi læri ekki af reynslunni og í einpólakerfi er líklegra að önnur ríki setji sig upp á móti oddaveldinu eða beiti vopnavaldi.[24] Þannig fóru bæði Rússland og sérstaklega Kína að beita sér gegn Bandaríkjunum, hugmyndum þeirra og forystuhlutverki í alþjóðakerfinu á tíunda áratug síðustu aldar og í byrjun 21. aldarinnar.[25]

Margpólakerfi er hins vegar flókið vegna samkeppni ríkja. Til dæmis verða valdamestu ríkin [t.d. NATÓ-ríki í deilum sínum við Rússland] að reiða sig á stuðning hvert annars pólitískt og hernaðarlega.[26] Því skiptir samspil ríkja máli og erfiðara er fyrir ríki að hunsa vilja annarra ríkja. Vandinn við margpólakerfi (samkvæmt nýraunhyggju Waltz) er sá að í fyrsta lagi eru átök líklegri vegna þess að valdajafnvægi er óstöðugra en í tvípólakerfi. Stórveldi eru líklegri til þess geta haft sigur í stríði, sem þýðir að fælingarmáttur hervelda er erfiðari en í tvípólakerfi. Hins vegar er líklegra að ríki misreikni sig í margpólakerfi, haldi að þau hafi getuna til þess að þvinga eða hertaka önnur ríki sem þau í raun og veru geta ekki. Þekktasta sögulega dæmi um margpólakerfi er tímabil millistríðsáranna 1918 til 1939. Tímabil sem einkenndist af hugmyndum um sameiginlegt öryggi byggt á hugmyndum frjálslyndisstefnunnar um samvinnu ríkja. Þessar hugmyndir urðu að engu þegar Þýskaland og Japan gripu til vopna í Evrópu og Asíu í seinni heimsstyrjöld. Því kemur ekki á óvart að Waltz taldi tvípólakerfi kalda stríðsins líklegustu leiðina til að koma í veg fyrir stríð milli stórvelda. Hann trúði að ólíklegra væri að ríki misreikni sig í tvípólakerfi alþjóðasamskipta. Morgenthau taldi aftur á móti að alþjóðakerfið þar sem nokkur ríki eru álíka áhrifa- og valdamikil sé líklegast til þess að koma í veg fyrir ófrið milli stórríkja.[27]

Dæmið sem Morgenthau og margir aðrir raunhyggjumenn vísa til um árangursríkt margpólakerfi er tímabilið eftir ósigur Napóleons 1815 til fyrri heimsstyrjaldar 1914. Þá áttu valdamestu ríki Evrópu í „óformlegum samskiptum“ til þess að viðhalda valdajafnvægi milli stórveldanna og forða Evrópu frá stóratökum eins og Napóleonsstríðinu. Raunhyggjumenn viðurkenna vissulega að Krímstríðið 1853-1856 og sameining Þýskalands 1871 hafi grafið undan valdajafnvægi heimsálfunnar. Að auki benda þeir á að forystumenn annarra stórvelda í Evrópu treystu ekki kanslara Þýskalands Otto von Bismarck og fyrirætlun hins nýja stórveldis í Evrópu.^[28] Aðstæður sem kenningin, þ.m.t. nýraunhyggja, tengir við stjórnleysi alþjóðakerfisins, samkeppni stórveldanna, efnahagslega hagsmuni, öryggisvanda ríkja, misskilnings og athafna einstaklinga og útskýrir þannig upphaf heimsstyrjaldanna tveggja.

Áhrif nýraunhyggjunnar og gagnrýni

Kenning Waltz varð ein áhrifamesta kenning alþjóðasamskipta á 20. öld. Þó að áhugi fyrir hugmyndum Waltz sé minni en áður má finna hugmyndir hans og skilgreiningar á alþjóðakerfinu víða, enda lýsa þær vel mörgum þáttum alþjóðasamfélagsins og eru helst notaðar til að útskýra stríð og frið. Hins vegar er nýraunhyggja gagnrýnd, bæði úr herbúðum raunhyggjunnar og frjálslyndisstefnunnar. Höfundar nýklassískrar raunhyggju (e. neoclassical realism) gagnrýna forspáargetu nýraunhyggjunnar. Hún geri ekki grein fyrir stórum breytingum á alþjóðakerfinu eins og friðsamlegu falli Sovétríkjanna 1991. Skoða verði aðra þætti en valdajafnvægi til þess að átta sig á hegðun ríkja. Nýklassísk raunhyggja leggur frekar áherslu á tengsl milli valds og stefnumála og rannsóknir á hvernig utanríkisstefna er útfærð og framkvæmd.^[29]

Þá bendir frjálslyndisstefna á mikilvægi samvinnu í alþjóðamálum. Í þessu samhengi skiptir raunverulegu máli að vita hver vilji og forgangsröðun ríkja er. Þannig má spá fyrir um alþjóðlega hegðun þeirra. Þessi gagnrýni dró verulega úr vægi nýraunhyggjunnar í alþjóðasamskiptum eftir kalda stríðið. Sérstaklega þegar fjallað er um alþjóðastofnanir (intergovernmental organizations; IGOs) og áhrif þeirra, eins og Sameinuðu þjóðanna eða Evrópubandalagsins. Þá var og er enn horft meira á áhrif frjálsra félagasamtaka (e. non-governmental organization; NGO) eða geranda óháð ríki (e. non-state actor). Gerendur sem nýfrjálslyndisstefnan segir mikilvæga fyrir stefnumótun alþjóðaumhverfisins. Er það í

megindráttum þvert á kenningu Waltz þótt hann gerði sér vel grein fyrir áhrifum alþjóðastofnana og gerenda óháð ríkjum. Að tímarnir hafi breyst og ríki séu einfaldlega orðin háðari hvert öðru.^[30]

Hins vegar má deila um hver raunveruleg áhrif alþjóðastofnana og -félagasamtaka eru í stríði og alþjóðaöryggismálum. Til dæmis hefur SP lítið gengið að koma í veg fyrir stríð víða um heim og í ljósi átaka í Mið-Austurlöndum og í Úkraínu, hagsmuna stórvelda og einhliða ákvarðana þeirra hafa margir dregið vægi SP í efa. Sé svo vakna spurningar um hver sé raunveruleg staða heimsmála. Hvort heimurinn í dag sé margpóla eða einpóla og ríki geti ekki komið sér saman um friðsamlega heimsskipan. Eða í ljósi þess að innan margra ríkja má finna sundrung og vaxandi vantrú á stjórnmal og grafi það undan alþjóðastofnunum, samfélagssáttmála byggt á hugmyndum um „almannavilja“, þ.e. sameiginlegir hagsmunir fólks. Því ríki stjórnleysi á meðan alþjóðasamfélagið leitar að valdajafnvægi. Sá sem hér skrifar er þeirrar skoðunar að frá 11. september 2001 hafi pólskipti alþjóðasamskipta hafist. Frá einpólakerfi Bandaríkjanna til margpólakerfis dagsins í dag. Að þessu leyti sækir höfundur hugmyndir sínar til nýraunhyggjunnar, fyrst og fremst áherslur um öryggi ríkja, en tekur þó undir með mótunarhyggju (e. constructivism) og hugmyndum Alexanders Wendts, helsta kenningasmiðs hennar, og gagnrýni hans á nýraunhyggjuna. Einstaklingar og félagsgerð ríkja skiptir líka verulegu máli.

Eins og hefur verið nefnt er eitt aðalatriði nýraunhyggjunnar hvort rannsóknir alþjóðasamskipta eigi að beinast að einstaklingum, ríkjum eða alþjóðakerfinu eða hvort önnur atriði komi til greina. Þegar Waltz lagði fyrst fram hugmyndir sínar á sjötta áratug síðustu aldar var tilgangurinn að gera rannsóknir á alþjóðasamskiptum vísindalegri. Segja má að kenningin leggi áherslu á að alþjóðakerfið móti þá valkosti sem ríkjum standi til boða. Sem merkir að þeir sem taka ákvarðanir, forystumenn ríkja, bregðast við þeim valkostum sem eru í boði. Ákvarðanir þeirra fari eftir því hvernig þeir sjá og skilja tækifæri sín og þeim takmörkunum sem verða vegna skoðanaskipta um utanríkismál og alþjóðaöryggi.

Að lokum. Raunhyggja var áhrifamesta kenning alþjóðasamskipta um langa hríð og er enn mikilvæg fræðigrein. Raunhyggja gagnrýndi upphaflega hughyggju en þær deilur dofnuðu smám saman á tímum kalda stríðsins, en tóku á sig nýja mynd á síðustu áratugum 20. aldar í ágreiningi milli nýraunhyggju og nýfrjálslyndrar stofnanahyggju. Ágreiningi sem best er lýst sem deilum um hlutverk ríkja, fyrirkomulag alþjóðakerfisins og valdajafnvægi. Eða að leið

ríkja til friðar og hagsældar sé að finna í samlegð auðlinda og jafnvel að ríki framselji hluta fullveldis síns til alþjóðlegra stofnana. Að auki í lok kalda stríðsins blönduðust hugmyndir mótunarhyggju inn í þessa orðræðu, þegar kenningin lagði sitt af mörkum til gagnrýnnar á nýraunhyggju.

Mótunarhyggja

Í stórum dráttum er mótunarhyggja fræðilegur rammi þar sem grunnþættir alþjóðastjórn mála eru hugsaðir sem félagslegar einingar. Í mótunarhyggju eru þættir eins og vald, viðmið, hagsmunir og jafnvel sjálfsmynd ekki óumbreytanlegar staðreyndir sem ákvarða hegðun ríkja. Þess í stað eru það hegðun og hugmyndir einstaklinga sem móta þessi atriði.

Alexander Wendt gagnrýnir í grein sinni, *Anarchy Is What States Make of It: The Social Construction of Power Politics*, hugmyndir nýraunhyggjunnar um stjórnleysi, valdajafnvægi, innbyggða samkeppni ríkja, að þau búi sig undir átök og reyni að hámarka vald sitt sem einu öruggu leiðina til að tryggja afkomu sína. Í stað þessa hélt Wendt því fram að alþjóðakerfið væri félagslega uppbyggt. Stjórnleysi væri ekki óbreytanleg staðreynd sem ákvarðar hegðun ríkja heldur ástand þar sem merkingin er háð samskiptum ríkja. Barátta fyrir eiginhagsmunum er því ekki óumflýjanlegur veruleiki alþjóðasamskipta heldur aðeins eitt af mörgum einkennum ríkja.^[31]

Eins og nefnt hefur verið telja raunhyggjumenn sjálfshjálp vera reglu alþjóðasamskipta þar sem valddreifing milli ríkja er lykilbreyta sem ákvarðar gjörðir þeirra. Wendt er á öðru máli og segir að ekki sé hægt að rannsaka alþjóðasamskipti á grundvelli valddreifingar eingöngu og að merking stjórnleysis sé útskýrð út frá hugmyndum, viðmiðum og venjum. Eins og hann orðaði það: „Það er sameiginlegt skipulag [kerfi] sem útskýrir gjörðir okkar“.^[32]

Þess vegna væri ekki hægt að meta stöðu ríkja hvers gagnvart öðru eingöngu út frá auðlindum þeirra og hernaðargetu, þar sem efnahags- og hernaðarvald þeirra er túlkað á mismunandi hátt eftir því hvort ríki eru bandamenn, keppinautur eða óvinur. Þannig lauk kalda stríðinu ekki vegna þess að valdajafnvægið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna

breyttist eins og raunhyggja leggur áherslu á, heldur vegna þess að stórveldin tvö lærðu af reynslunni og hugmyndir þeirra um alþjóðakerfið og sjálfsmynd þeirra breyttust, löndin tvö hættu einfaldlega að líta hvort á annað sem óvin. [33]

Wendt lagði því áherslu á hvernig alþjóðasamskipti ríkja (geranda) móti sjálfsmynd þeirra og hagsmuni sem og mat þeirra á valdi hvors annars. Þessi nálgun leiddi til þess að hann hafnaði svartsýnum spám nýraunhyggjumanna um stjórnleysi, [hernaðaröryggi og alþjóðakerfið]. Wendt heldur því fram að ríki geti lært að vinna saman og í því ferli orðið samvinnuþýðari og haft minni hernaðarlega hugmynd um tilgang sinn.[34] Alþjóðasamskipti sem byggjast á hugmyndum um valdastjórnsmál (e. power politics) og eigin hagsmunagæslu (e. self-help system) eru í raun tilbúið fyrirkomulag í merkingunni að: „Stjórnleysi er það sem ríki gera úr því“.[35]

Í lok 20. aldar voru rannsóknir á alþjóðasamskiptum undir sífellt meiri áhrifum af mótunarhyggju. Í stuttu máli: Samkvæmt kenningunni ræðst hegðun manna af sjálfsmynd þeirra og hún mótast af gildum samfélagsins, sögu, félagslegum aðstæðum, hugmyndum um hlutverk kynjanna, venjum og stofnunum. Hugmyndasmiðir mótunarhyggju halda því fram að allar stofnanir, þar með talið ríki, séu félagslega uppbyggðar, í þeim skilningi að þær endurspeglar samstöðu sem er huglæg, sameiginleg viðhorf til pólitískra ákvarðana, sameiginleg gildi og ásættanlega félagslega hegðun. Mótunarhyggja er því mótvægi við aðrar kenningar alþjóðasamskipta. Kenningar þar sem mannlegt eðli, hagsmunir og stjórnleysi skilgreinir alþjóðakerfið, en að mati mótunarhyggjumanna eru einstaklingar, ríkið og margskonar einingar þess stöðugt að taka stefnumótandi ákvarðanir byggðar á reynslu sinni og sögulegri minningu, þar á meðal ákvarðanir um stríð og frið, átök eða samvinnu.[36]

Hins vegar verður að taka fram að mótunarhyggja er ekki á sama hátt og raunhyggja kenning í alþjóðasamskiptum: „Að því leyti að hún fjallar ekki um stjórnsmál ríkja eins og raunhyggja gerir, um valdajafnvægi, stjórnleysi og herstjórnarlist. Mótunarhyggja er aðferð sem rannsakar hvernig samfélög manna og alþjóðasamskipti virka. Þannig er lögð áhersla á hlutverk hugmynda, hvernig sjálfsmynd verður til, gildi og merkingu hlutanna. Að til séu fleiri sjónarhorn en ríkið.“[37] Þá hefur mótunarhyggja, helst enski skóli kenningarinnar (e. english school), frekar lítið um öryggi að segja.[38] Allavega þegar kemur að hernaðaröryggi. Fyrir það má helst gagnrýna mótunarhyggju jafnvel þótt kenningin

viðurkenni hlutverk ríkisins í alþjóðasamskiptum.

Kenningar og orsakir Úkraínustríðsins

Hér er sýnt fram á hvernig nota má mótunarhyggju samhliða nýraunhyggju til þess að átta sig á orsökum ófriðar og orðræðu um öryggi. Því verður ekki á móti mælt að formgerð ríkja, vantraust milli þeirra og einstaklinga leiðir til vígbúnaðarkapphlaups, aukinnar spennu eða ófriðar jafnvel þótt ríki ætli sér það ekki. Þar af leiðandi er aðalmarkmið ríkja að vernda og hámarka eigið öryggi. Því má segja að nokkur atriði hafi haft áhrif á upphaf átaka í Úkraínu. Þ.e. öryggisvandi (e. security dilemma)[39] á milli Rússlands og lands- og svæðisstjórna Úkraínu en einnig önnur mikilvægari atriði, þ.e. landfræðistjórnsmál (e. geopolitics) milli Rússlands og Bandaríkjanna og NATÓ.

Nýraunhyggja og þrjár myndir Waltz útskýra vissulega af hverju Úkraínustríðið hófst. Hins vegar er því haldið fram hér að önnur atriði hafi leikið jafn stórt hlutverk. Öryggisvandi og stjórnleysi alþjóðasamskipta er tilbúningur manna, hann er ekki efnislegur veruleiki, heldur félagslega uppbyggt hugsunar- og athafnamynstur. Viðmið, gildi og túlkun á heimsmálum ákvarða samskipti ríkja. Hér skipta manngerðir, sjálfsmynd, menning, hefðir, formgerð ríkja og söguleg minning miklu máli. Sá sem hér skrifar telur því að tvö atriði útskýri innrás Rússa í Úkraínu:

1) Hugmyndafræðilegur ágreiningur milli Vesturlanda og Rússlands sem byggist á ósamrýmanlegum gildum þar sem Rússland telur sig standa fyrir „réttlæti“ eða „sanngirni“ (orðræða sem Pútín leggur oft áherslu á). Að mati Rússlands er mikilvægt að endurskoða alþjóðalög og -reglur og umgjörð alþjóðakerfisins sem varð til eftir kalda stríðið. Rússland er eitt af stórveldunum og á ekki að lúta Vesturlöndum. 2) Frá lokum kalda stríðsins og eftir fall Sovétríkjanna hefur Rússland leitað að öryggi, sjálfsmynd og valdastöðu á alþjóðavettvangi. Hefðbundin gildi, regla, öryggi og stöðugleiki eru meira virði en réttindi og frelsi einstaklinga. Þetta sannfærir rússnesk stjórnvöld um mikilvægi þjóðarhagsmuna sinna og þjóðerniskennd sem eykur lögmæti þeirra (að þeirra mati) og í ljósi þessa grípur pólitíska elítan til vopna gegn Úkraínu.

Þessi túlkun höfundar sækir hugmynd sína til mótunarhyggju um að manngerðir, gildi, hefðir og söguleg minning skipti máli en líka til nýraunhyggjunnar og hugmynda hennar um mikilvægi ríkja, öryggi þeirra og skiptingu alþjóðakerfisins. Þetta dæmi sýnir að bæði kenningar nýraunhyggju og mótunarhyggju útskýra af hverju stríð verða og að þær megi nota samhliða. Að ríkið er helsti gerandi alþjóðakerfisins, þar leikur manngerð einstaklinga, öryggi og orðræða einstaklinga stórt hlutverk.

Alþjóðaöryggismál

Eins og sýnt hefur verið fram á er hefð fyrir því að rannsóknir á alþjóðasamskiptum og alþjóðaöryggi einbeiti sér að ríkinu sem meginviðfangsefni fræðanna. Öryggisfræði (e. international security studies) er hliðargrein alþjóðasamskipta sem í stórum dráttum lagði áherslu á herfræði, herstjórnarlist og landfræðistjórnsmál (e. geopolitics) fyrir seinni heimsstyrjöldina. Hugtakið „öryggi“ var lykilorð fræðanna bæði til að skilgreina það og aðgreina frá eldri fræðigreinum eins og hernaðarsögu. Hér skipta hugmyndir um landsvæði (e. territory) miklu, enda samanstendur alþjóðakerfið af ríkjum, þar sem átök eru pólitískt ferli, markmiðið yfirráð yfir landsvæði til þess að tryggja völd og áhrif í alþjóðakerfinu.^[40] Orðræða sem rakin er til stjórnmálaheimspekinga fyrri alda þar sem meginviðfangsefnið er öryggi ríkja.

Hér er því haldið fram að frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafi þrjár meginspurningar einkennt svið alþjóðaöryggismála (öryggisfræða). Þessar spurningar tengjast raunhyggju, mótunarhyggju og sögulegum minningum með beinum hætti. Í fyrsta lagi hvert er viðfangsefni (e. referent object) öryggisfræða. Á tímum millistríðsáranna og kalda stríðsins sneri öryggisfræði, þá nefnt þjóðaröryggisfræði (e. national security studies), að öllu sem viðkom verndun þjóða, ríkja, einstaklinga, þjóðernishópa eða umhverfisins. Hvort sem átt var við hefðbundið „hernaðaröryggi“ eða „alþjóðaöryggi“ var ríkið (e. state security) meginrannsóknarsviðið. Alþjóðaöryggi með áherslu á mannöryggi (e. human security), eða minnihlutahópa innan og utan landamæra ríkja átti ekki að koma í stað öryggis ríkja. Að tryggja öryggi ríkisins var besta aðferðin til að vernda það og þegna þess. Kalda stríðið og áherslan á hernaðaröryggi fól í sér samruna ríkis- og þjóðaröryggis: þjóðin studdi ríkið, þ.e. hugmyndin um samfélagssáttmála (hvernig sem hann er skilgreindur), og í staðinn tryggði

ríkið gildi og hagsmuni samfélagsins. Þetta þýddi að hernaðaröryggi var viðfangsefni tímabilsins.[41]

Annað atriði öryggisfræða tengist orðræðunni um innra og ytra öryggi ríkja og ógnir sem því fylgja. Hér skiptir máli hvernig hugtakið öryggi er tengt við hugmyndina um ríki, þjóðaröryggi, völd og landamæri, þar sem öryggi var órjúfanlega tengt ríkinu snerist orðræðan um landamæri og ógnir sem að landinu steðjuðu. Þess vegna lýsti Arnold Wolfers „þjóðaröryggi“ sem óskýru hugtaki sem ætti betur við tímabilið á milli heimsstyrjaldanna tveggja, kreppunnar miklu og hugmynda um velferð ríkja. Í ljósi kalda stríðsins væri réttara að tala um „þjóðarhagsmuni“ og ógnir sem stríðinu fylgdu, þar sem umræðan um þjóðaröryggi snerist um gildi öryggisfræða og stefnumála.[42] Orðræðan um þjóðaröryggi hefur í seinni tíð breyst og frekar er rætt um hugmyndafræðilegar andstæður, t.d. gerendur óháð ríki og ógnir sem þeim fylgja, þ.m.t. frá óvinveittum ríkjum. Þessi umskipti urðu til þess að farið var að nota hugtakið alþjóðaöryggi samhliða þjóðaröryggi og varð á endanum til þess að rannsóknir á sviðinu urðu að öryggisfræði (e. international security studies) í stað þjóðaröryggisfræða (e. national security studies).[43]

Í þriðja lagi: Vegna þess að rannsóknir á „öryggi“ urðu að fræðigrein á tímum kalda stríðsins, og alþjóðasamskipti tímabilsins snerust aðallega um hernaðargetu, andstæðinga, kjarnorkuvopn, hernaðarbandalög og sjálfsmynd ríkja, urðu hugtökin þjóðaröryggi eða öryggi ríkisins nánast samheiti yfir hernaðaröryggi. Þar með er ekki sagt að önnur atriði hafi verið útilokuð í rannsóknum, t.d. efnahagsmál, pólitískur stöðugleiki, tækni og náttúruauðlindir.[44] Þessi atriði voru hins vegar felld inn í umræðuna um hernaðaröryggi. Ástæðan var að þau voru talin tengjast ógnum tímabilsins, notkun hervalds og eftirliti með því og voru því hluti af hernaðaröryggi en ekki sérstök öryggisatriði. Þessi umræða átti síðar eftir að breytast til muna þegar leið á kalda stríðið og hugmyndir um útvíkkun öryggishugtaksins náðu fótfestu, þegar önnur öryggisatriði en hernaðaröryggi urðu mikilvæg fyrir fræðigreinina. Atriði eins og efnahagsöryggi, heilbrigðisöryggi, samfélagsöryggi, matvælaöryggi, mannöryggi og umhverfisöryggi.[45] Þessari orðræðu hefur verið lýst sem öryggisvæðingu (e. securitization).

Kenningin skilgreinir öryggi sem ferli, félagslega uppbyggingu tiltekinna ógna. Sem þýðir að gerendur alþjóðakerfisins, fyrst og fremst ríki, öryggisvæði umræðuna með því að leggja áherslu á ákveðin atriði (ógn) sem þarf að bregðast við. Þetta ástand er kynnt þjóðinni,

jafnvel endurtekið aftur og aftur, og ef samfélagið samþykkir hættuna geta ríki brugðist við. Þetta kallast öryggisvæðing. Kenningin leggur því áherslu á hvernig öryggisvæðingin fer fram, hverjir eru gerendurnir, um hvaða málefni (ógnir) er rætt, fyrir hvern (viðfangsefnið er), hvers vegna, með hvaða árangri og við hvaða aðstæður.^[46] Að öryggi sé í raun orðræða, *speech act*, samkvæmt kenningunni. Að hægt sé rannsaka hvernig hugtakið „öryggi“ er notað í alþjóðasamskiptum án þess að þrengja eða útvíkka merkingu þess. Þessi nálgun er mikilvæg þar sem kenning öryggisvæðingar byggist á nýraunhyggju og mótunarhyggju.^[47]

Hér skiptir sjálfsmynd máli. Fyrir ríki er hún mikilvæg, hana verður að verja svo hún glatist ekki. Leiðtogar ríkja leggja því áherslu á öryggisstefnu sem samrýmist þeirra eigin hugmyndum og sjálfsmynd.^[48] Sjálfsmyndin er nátengd sögulegum minningum, umfjöllun um öryggi og sögulegum hugmyndum um stríð. Vegna mikilvægis ríkisins, einstaklinga og samfélagsins í alþjóðaöryggismálum og ekki síður vegna þess að margskonar orðræða hefur áhrif á hugmyndir einstaklinga um alþjóðaöryggi og ófrið.

Þannig er deilt um hvort hugtakið öryggi tengist fyrst og fremst hervaldi, hvernig eigi að nota, stjórna og beita hervaldi. Gagnrýnendur halda því fram að áhersla á hernaðaröryggi sé of þröng skilgreining. Hún skilyrði hegðun ríkja. Þess í stað eigi hugtakið að taka til fleiri þátta, t.d. loftslagsbreytinga, félags- og heilbrigðisöryggis. Hér er mikið í húfi. Hvernig á að skilgreina öryggi og hvaða merkingu alþjóðaöryggismál í raun og veru hafa. Forgangsroðun öryggismála og hvernig við nálgumst þau getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og alþjóðakerfið. Þannig varpa kenningar mótunarhyggju og nýraunhyggju ljósi á alþjóðakerfið, að sjálfsmynd og formgerð ríkja útskýrir áherslur þeirra í öryggismálum og af hverju stríð verða og grundvallast á því sem við lærum.

Lokaorð

Kenningar alþjóðasamskipta og öryggisfræða hafa sögulega snúist um hvernig ríki urðu til, hvernig þau tryggja öryggi sitt og verja hagsmuni sína. Hér skiptir máli orðræða um alþjóðakerfið, öryggi, stríð og frið og hver tilgangur orðræðunnar er. Ríki eru ekki til án manna. Einstaklingar móta alþjóðasamfélagið og samskipti ríkja sem vissulega geta verið

stjórnlaus. Því má skilja valdajafnvægi og skiptingu alþjóðakerfisins sem verk manna. Þannig varpa mótunarhyggja, nýraunhyggja og öryggisfræði ljósi á alþjóðasamskipti. Hér skiptir metnaður manna, sjálfsmynd einstaklinga og ríkja máli. Ríki bregðast við þegar þeim finnst að sér sótt, þau skilgreina þann öryggisvanda sem við þeim blasir. Sú skilgreining sækir fyrirmynd sína til þess sem þau hafa lært og til mannlegs eðlis. Enda er heimurinn sem við lifum í mótaður af sögulegum minningum um hagsmuni ríkja og hugmyndum um öryggi og merkingu hugtaksins. Því má skilja umræðu um stríð og öryggi (öryggisvæðingu), allavega í evrópskri sögu, út frá myndun þjóðríkisins og sem afurð pólitískrar hugsunar og sögutúlkana, sem skilyrðir hegðun ríkja, þegar rannsaka á þróun ríkja og þjóða, mótun gilda, sjálfsmyndir einstaklinga og ríkja og skilgreiningar á alþjóðaöryggismálum og uppbyggingu alþjóðakerfisins. Er hægt að segja að hefð sé fyrir einhverskonar alþjóðlegri hugsun, þar sem pólitískar hugmyndir og sögulegar minningar um öryggi og stríð leika stórt hlutverk.

Tilvisanir

- [1] Bartelson, J. *War in International Thought*, bls. 20, 34; Cederman, L. E, Toro, P. G, Girardin, L, og Schvitz, G. „War Did Make States“, bls. 324.
- [2] Bartelson, J. *War in International Thought*, bls 150-151; Vilhjálmur Árnason. [Vef], „Hvernig urðu siðareglur til“; Donnelly, J. (2002). *Realism and International Relations*, bls. 51.
- [3] Knutsen, T. L. *A History of International*, bls.115-117; Heuser, B., *The Evolution*, bls. 74.
- [4] Sheehan, M. *International Security*, bls. 10-13; Polansky, D. „Drawing Out the“, bls. 2-3, 12-14; Douglass, R. „Hobbes and Political“ bls. 252.
- [5] Clarkson, J. „The Rousseauian root“, bls. 12-14; Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 392; Sheehan, M. *International Security*, bls. 8; Waltz, N. K. *Man, the State, and War*, bls. 166-167.
- [6] Knutsen. T. L. *A History of International*, bls. 140; 164; Kernic, F. „Pax Kantiana and Res

Militaris“, bls 45.

[7] Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 84; Freedman, L. *The Future of War*, bls. 137.

[8] Heuser, B. *The Evolution of Strategy*, bls. 74; Sheehan, M. *International Security*, bls. 33-34.

[9] Waltz, N. K. *Man, the State, and War*, bls. 28-29.

[10] MacKay, J. „Making Democracy Safe for the World“, bls. 2-3.

[11] Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 302.

[12] Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 302, 304; Sheehan, M. *International Security*, bls. 16-17.

[13] Morgenthau, H. *Politics among Nations*, bls. 398-399; Speer, J. P. „Hans Morgenthau and the World State“, bls. 207; Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 147.

[14] Britannica. The Editors of Encyclopaedia. [Vef]. „Hans Morgenthau“.

[15] Sheehan, M. *International Security*, bls. 10.

[16] Waltz, N. K. *Man, the State and War*, bls. 165-171, 232.

[17] Waltz, N. K. *Man, the State and War*, bls. 39.

[18] Waltz, N. K. *Man, the State and War*, bls. 81-84.

[19] Waltz, N. K. *Man, the State and War*, bls. 159-165.

[20] Pawłuszko, P. „The Conflict between Russia and Ukraine“, bls. 13.

[21] Waltz, N. K. *Man, the State and War*, bls. 228-229.

- [22] Waltz, N. K. *Theory of International Politics*, bls. 102-104, 126,130; Waltz, N. K. „Evaluating Theories“, bls. 913; Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 386.
- [23] Waltz, N. K. *Theory of International Politics*, bls. 72-73, 103-107; Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 386-387.
- [24] Waltz, N. K. *Theory of International Politics*, bls.112, 201; MacKay, J. „Making Democracy Safe for the World“, bls. 6, 8.
- [25] Waltz, N. K. „America as a Model for the World?“, bls. 669; Mearsheimer, J. *The Tragedy of Great Power Politics*, bls. 335.
- [26] Waltz, N. K. *Theory of International Politics*, bls. 169; Waltz, N. K. „The Origins of War in Neorealist Theory“. bls. 622; Waltz, N. K. „Structural Realism after the Cold War“. bls. 6.
- [27] Waltz, N. K. „The Origins of War“, bls. 622; Mearsheimer, J. *The Tragedy of Great Power Politics*, bls. 335, 338; Waltz, N. K. „Structural Realism after the Cold War “, bls. 19; Morgenthau, H. *Politics among Nations*, bls. 8.
- [28] Morgenthau, H. *Politics among Nations*, bls. 367-368; Taylor, A. J. P. *The Struggle for*, bls. 526-528; Kennedy, P. *The Rise and Fall*, bls. 234-235; Jervis, R. „Cooperation under“, bls. 176-179.
- [29] Sjá t.d.: Gideon, R. „Neoclassical Realism and Theories“, bls. 147, 157, 159.
- [30] Waltz, N. K. *Theory of International Politics*, bls. 138-139; Knutsen, T. L. *A History of International*, bls. 418-419.
- [31] Wendt, A. „Anarchy is“, bls. 396-397.
- [32] Wendt, A. „Anarchy is“, 1992, bls. 397.
- [33] Wendt, A. „Anarchy is“, 1992, bls. 397.

- [34] Wendt, A. „Anarchy is“, 1992, bls. 396-398, 400, 415.
- [35] Wendt, A. „Anarchy is“, 1992, bls. 395.
- [36] Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 153.
- [37] Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 152.
- [38] Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 152.
- [39] Sjá um öryggisvanda í: Jervis, R. „Cooperation under the Security Dilemma“, bls. 164-214.
- [40] Bartelson, J. *War in International Thought*, bls. 88.
- [41] Buzan, B. og Hansen, L. *The Evolution of International*, bls. 10-12; Sheehan, M. *International Security*, bls. 6; Krause, K. og Williams, M. „Security and “Security Studies“, bls. 17-18; Booth, K. *Theory of World Security*, bls. 28.
- [42] Wolfers, A. „National Security“, bls. 482; Sheehan, M. *International Security*, bls. 6-7.
- [43] Buzan, B. og Hansen, L. *The Evolution of International*, bls. 10-12; Sheehan, M. *International Security*, bls. 2-3.
- [44] Buzan, B. og Hansen, L. *The Evolution of International*, bls. 12.
- [45] Buzan, B. og Hansen, L. *The Evolution of International*, bls. 10-12; Sheehan, M. *International Security*, bls. 2-3, 44; Krause, K. og Williams, M. „Security and Security Studies“, bls. 18-20.
- [46] Buzan, B, Wæver, O. og Wilde de, J. *Security: A New Framework for Analysis*, bls. 32; Krause, K, og Williams, M. „Security and Security Studies“, bls. 21; Sheehan, M. *International Security*, bls. 3.

[47] Williams, M. C. „Words, Images, Enemies“, bls. 512, 528.

[48] Budryte, D, Resende, E, og Becker, D. „Defending Memory“, bls. 5.

Heimildaskrá

Bartelson, J. (2008). *War in International Thought*. Cambridge University Press.

Britannica, The Editors of Encyclopaedia. „Hans Morgenthau“. *Encyclopedia Britannica*, 15. júlí. 2024, <https://www.britannica.com/biography/Hans-Morgenthau>

Booth, K. (2007). *Theory of World Security*. Cambridge University Press.

Buzan, B. og Hansen, L. (2009). *The Evolution of International Security Studies*. Cambridge University Press.

Buzan, B, Wæver, O. og Wilde de, J. (1998). *Security: A New Framework for Analysis*. Boulder: Lynne Rienner Publishers.

Budryte, D, Resende, E. og Becker, D. (2020). „Defending Memory: Exploring the Relationship between Mnemonical“. *Interdisciplinary Political Studies. IdPS*, 6(1), bls. 5-19. DOI: 10.1285/i20398573v6n1p5

Cederman, L.-E, Toro, P. G, Girardin, L, og Schvitz, G. (2023). „War did make States: Revisiting the Bellicist Paradigm in Early Modern Europe“. *International Organization*, 77(2), bls. 324-362. <https://doi.org/10.1017/S0020818322000352>

Clarkson, J. (2025). „The Rousseauian roots of Neorealism.“ *Review of International Studies*, bls. 1-19. doi:10.1017/S0260210525000026

Douglass, R. (2020). „Hobbes and Political Realism“. *European Journal of Political Theory*, 19 (2), bls. 250-269. <https://doi.org/10.1177/1474885116677481>

Donnelly, J. (2002). *Realism and International Relations*. Cambridge University Press.

Gideon, R. (1998). „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy“. *World Politics*, 51(1), bls.144-172. <https://doi.org/10.1017/S0043887100007814>

Heuser, B. (2010). *The Evolution of Strategy: Thinking War from Antiquity to the Present*. Cambridge University Press.

Jervis, R. (1978). „Cooperation under the Security Dilemma“. *World Politics*, 30, (2), bls. 164-214, <https://www.jstor.org/stable/2009958>

Kennedy, P. 1989. *The Rise and Fall of the Great Powers: Economic Change and Military Conflict from 1500 to 2000*. Fontana Press.

Kernic, F. (2017). „Pax Kantiana and Res Militaris: Kant's Views on Peace, War and Military Affairs Revisited“. (Í) *The Nature of Peace and the Morality of Armed Conflict*. bls. 39-61. Ritstjóri: Demont-Biaggi, F. Palgrave Macmillan. Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-319-57123-2_3

Knutsen, T. L. (2016). *A History of International Relations Theory*, (3. útgáfa). Manchester University Press.

Krause, K, og Williams, M. (2018) „Security and Security Studies“: Conceptual Evolution and Historical Transformation“, (Í) *The Oxford Handbook of International Security*, bls. 14-28. Ritstjórar: Gheciu, A. og Wohlforth, W. C. Oxford University Press.

MacKay, J. (2024). „Making Democracy Safe for the World: Kenneth Waltz on Realism, Democracy, and War“. *International Studies Quarterly*, 68 (3), bls. 1-112, <https://doi.org/10.1093/isq/sqae112>.

Mearsheimer, J. (2001). *The Tragedy of Great Power Politics*. W.W. Norton & Company: New York.

Morgenthau, H. (1949). *Politics among Nations: The Struggle for Power and Peace*. Alfred

A. Knopf: New York.

Pawłuszko, P. (2023). „The Conflict between Russia and Ukraine: The Causes of the War, Security Studies and the Formation of an Epistemic Community in Poland“. *Security, Theory and Practice* (3), bls. 11-28. <https://doi.org/10.48269/2451-0718-btip-2023-3-00>.

Polansky, D. „Drawing Out the Leviathan: Kenneth Waltz, Hobbes, and the Neorealist Theory of the State.“ *International Studies Review*, 18 (12), bls. 268-269.
<https://doi.org/10.1093/isr/viv002>

Sheehan, M. (2005). *International Security*. Lynne Rienner: London.

Speer, J. P. (1968). Hans Morgenthau and the World State. *World Politics*, 20(2), 207-227.
<https://doi.org/10.2307/2009796>

Taylor, A. J. P. (1954). *The Struggle for Mastery in Europe 1848-1918*. (11. útgáfa). Oxford University Press.

Vilhjálmur Arnason. (2000). „Hvernig urðu siðareglur til“. *Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=621>

Waltz, N. K. (2001). *Man, the State, and War: A Theoretical Analysis*. Columbia University Press.

Waltz, N. K. (1979). *Theory of International Politics*. London: Addison-Wesley.

Waltz, N. K. (1991). „America as a Model for the World? A Foreign Policy Perspective.“ *PS: Political Science & Politics* 24 (4), bls. 667-670. <https://doi.org/10.2307/419401>

Waltz, N. K. (1997). „Evaluating Theories“. *American Political Science Review*, 91. bls. 913-917.

Waltz, N. K. (1988). „The Origins of War in Neorealist Theory“. *The Journal of Interdisciplinary History*, 18 (4), bls. 615-628. <https://doi.org/10.2307/204817>

Waltz, N. K. (2000). „Structural Realism after the Cold War“. *International Security*, 25, (1): bls. 5-41. <http://www.jstor.org/stable/2626772>

Wendt, A. (1992). „Anarchy is What States Make of it: The Social Construction of Power Politics.“ *International Organization*, 46 (2), bls. 391-425.

Williams, M. C. (2003). „Words, Images, Enemies, Securitization and International Politics“. *International Studies Quarterly* (47), bls. 511-531.

Wolfers, A. (1952). „National Security”: as an Ambiguous Symbol“. *Political Science Quarterly*, (67) 2, bls. 481-502. <https://doi.org/10.2307/2145138>